

Ed. 977. Breytingartillögur [415. mál]

við frv. til l. um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Lífeyrissjóður sjómanna skal hafa yfirumsjón með því að fé, sem inn kemur skv. 1. tölul. 8. gr. og 1. tölul. 9. gr., sé skipt og greitt inn á reikning hvers skips til hlutaðeigandi lífeyrissjóða í hlutfalli við iðgjaldsskyldan aflahlut skipverja.

2. Við 17. gr. Síðasti másl. 2. mgr. orðist svo: Til þess að auðvelda framkvæmd ákvæða þessarar mgr. skulu allir framleiðendur sjávarafurða skyldir að senda Fiskifélagi Íslands sérstakt yfirlit yfir birgðir sjávarafurða miðað við 14. maí 1986.